

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 29. mars 2023.

Staður: Guðsveinsstofa 2. hæð Ásvellir.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.18.20.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Magnús Gunnarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Sylvía Ósk Speight og Aðalbjörg Óladóttir. Forföll: Viðar Halldórsson, Már Sveinbjörnsson og Arnfríður Kristín Arnardóttir.

Dagskrá:

1. 53. þing ÍBH – Undirbúningur

Undirritun ársreikninga ÍBH og Afrekssjóðs ÍBH 2021 og 2022, farið yfir drög að starfsmannalista þingsins, fjárhagsáætlun ÍBH 2023 – 2025 og lagabreytingar. Farið yfir tillögu að skoðunarmönnum ársreikninga ÍBH og Afrekssjóðs ÍBH 2023 – 2025.

2. Myndataka stjórnar ÍBH 2021 – 2023

Frestað.

3. Íslensku lýðheilsuverðlaunin

Bréf frá ÍSÍ dagsett 3. mars 2023 lagt fram til kynningar. „Forseti Íslands efnir til nýrra verðlauna, Íslensku lýðheilsuverðlaunanna, í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið, embætti landlæknis, ÍSÍ og Geðhjálp. Ráðgert er að veita lýðheilsuverðlaunin í fyrsta sinn í vor og er óskað tillagna frá almenningi um hver ættu að hljóta þessa viðurkenningu fyrir framlag til eflingar lýðheilsu á Íslandi.“

ÍBH setti nánari upplýsingar um verkefnið á heimasíðu og Facebooksíðu ÍBH.

4. Skotþing verður haldið 22. apríl 2023 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík

Lagt fram til kynningar.

5. Nefnd um endurskoðun á regluverki skiptingar tekna frá Íslenskri getspá

Hefur ekki ennþá hafið störf. ÍBH vakti athygli ÍSÍ og UMFÍ á málinu og hvetur samtökin til að hefja störf í nefndinni sem fyrst, svo öll íþróttasamtök á landinu hafi jafnan aðgang að sameiginlegum tekjum frá Íslenskri getspá.

6. Ábyrgð aðila í félags- og tómstundastarfi

Bæklingur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu 2012 um málið lagður fram til kynningar, lögfræðialit um málið er í vinnslu.

7. 76. Íþróttþing ÍSÍ 2023

Verður haldið 5. og 6. maí 2023 í Ólafssal Ásvöllum í Hafnarfirði. Upplýsingar um Íþróttþingið lagðar fram til kynningar og umræðna.

8. Þingfulltrúafjöldi á 76. Íþróttþingi

ÍBH á rétt á 8 fulltrúum. Rætt um hvaða stjórnarmenn hafi tök á því að vera fulltrúar.

9. Boð um þátttöku á námskeiði í Stokkhólmi

Bréf frá ÍSÍ dagsett 23. mars 2023 lagt fram til kynningar. Bréfið var framsent strax á aðildarfélög ÍBH, því umsóknarfrestur var 30. mars 2023.

10. Fimleikaping 21. maí 2023 Reykjum í Hrútafirði

Lagt fram til kynningar.

11. Heimsókn Knattspyrnufélagið Haukar framkvæmdir knatthús

Magnús Gunnarsson sá um kynninguna fyrir stjórnarfolk ÍBH. Stjórn ÍBH þakkar fyrir áhugaverða kynningu og góðar móttökur.

12. Önnur mál

a). HM formaður ÍBH lagði það til að stjórnarfundur ÍBH sem átti að vera miðvikudaginn 3. maí nk. yrði í staðinn mánudaginn 8. maí nk., samþykkt.

b). ALS upplýsti fundarmenn um að Hörður Þorsteinsson hefði verið kosinn formaður Badmintonfélags Hafnarfjarðar (BH) í 33 skiptið á aðalfundi félagsins 28. mars sl.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.